

# Ljósnet í fyrsta sinn í Langanesbyggð og yfir 100 sjónvarpsstöðvar í boði

- Síminn biðst afsökunar á truflunum á Sjónvarpi Símans
- Ljósnet, háhraðanet Símans, komið á Bakkafjörð og Þórshöfn

Heimili á Þórshöfn og Bakkafirði fá nú í fyrsta sinn **fulla sjónvarpsþjónustu** hjá Símanum. Það þýðir að meðal annars má fá aðgang að yfir 100 sjónvarpsstöðvum, leigja myndir í SkjáBíói, sjá útsendingar í háskerpu og fá allt að fimm myndlykla fyrir heimilið.

Áskrifendur að **Sjónvarpi Símans** geta einnig nýtt sér Tímaflakkið, sem gerir þeim kleift að horfa á sjónvarpsdagskrána sólarhring aftur í tímann eftir því sem þeim hentar.

Íbúar Bakkafjarðar og Þórshafnar hafa nú einnig í fyrsta sinn möguleika á að tengjast háhraðaneti. Sett var upp nýtt kerfi í sírstöðvar bæjanna í síðustu viku svo heimili í eins kílómetra línulegri fjarlægð gætu tengst Ljósnetinu. Áður bauðst aðeins ADSL nettenging.

„Við hjá Símanum  
biðjumst afsökunar á  
truflunum eftir að  
símstöðvar fyrir Ljósnet  
Símans voru  
uppfærðar.“

Við þessar breytingar fjórfaldast nethraðinn; fer úr allt að 12 Mb/s í allt að 50 Mb/s við niðurhal en 25-faldast við upphal. Þau heimili sem standa utan kílómetra línulengdar, og ná ekki Ljósneti í þessu fyrsta skrefi að uppbyggingu háhraðanetsins, geta samt sem áður fengið fulla sjónvarpsþjónustu í fyrsta sinn.

Við uppsetningu á Ljósnetinu á Bakkafirði og Þórshöfn í síðustu viku misfórast því miður stillingar. Sjónvarpsútsendingar í Sjónvarpi Símans trufluðust í kjölfarið eftir fimmtán til tuttugu mínútna notkun í um fimm mínútna skeið. Um hádegi á mánudag töldu tæknimenn að lausnin væri fundin og Sjónvarp Símans á því að vera komið í lag.

**Við fögnum því að geta boðið betri sjónvarpsþjónustu á Þórshöfn og Bakkafirði og stórum hópi heimila kraftmeiri netþjónustu. Á sama tíma biðjumst við afsökunar á þessum óþægindum sem uppfærslan olli.** Segja má að þetta sé netbylting sem fór brösuglega af stað á Bakkafirði og Þórshöfn en er nú komin á fullt skrið.